



Framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi 2026

Það er óhætt að segja að mikið sé um að vera í Grímsnes- og Grafningshreppi um þessar mundir. Fjölbreyttar framkvæmdir eru í fullum gangi í sveitarfélaginu og munu þær bæta aðstöðu íbúa, nemenda og viðbragðsaðila til framtíðar.

Leikskólalóðin er að taka miklum breytingum þar sem unnið er að stækkun hennar, nýjum yfirborðsfrágangi og uppsetningu kastala og fjölbreyttra leiktækja. Þar verða sett upp einhver glæsilegustu leiktæki landsins og verður lóðin hin glæsilegasta þegar framkvæmdum lýkur. Grjótgás og Jóhann Helgi & co vinna að framkvæmdinni og er stefnt að verklokum í ágúst. Við vonum að yngstu nemendur sveitarfélagsins verði hæstánægðir með nýju aðstöðuna.



Samhliða þessu er hafið niðurrif á efri hæð Kerhólsskóla, þar sem stjórnsýsla sveitarfélagsins var áður til húsa. Rýmið hefur verið endurhannað fyrir starfsemi skólans og verður framkvæmdin boðin út á næstunni. Þar er gert ráð fyrir nýjum skólastofum ásamt öðrum rýmum sem munu nýtast skólastarfinu og skapa aukið svigrúm til framtíðar.

Framkvæmdir við nýja björgunarmiðstöð á Borg eru einnig í fullum gangi hjá HR smíði. Nú er undirbúningur hafinn fyrir vinnu við sökkla aðalbyggingarinnar. Gert er ráð fyrir að burðarvirki frá Límtré Vírneti komi á verkstað í september og hefjist þá reising hússins. Verkið er á áætlun og mun ný björgunarmiðstöð gjörbreyta aðstöðu viðbragðsaðila á svæðinu.



Jarðtækni vinnur jafnframt að uppbyggingu nýrrar götu og göngustíga við hverfið á Borg. Þar verður gerð ný tenging við Biskupstungnabraut og lögð gatan Skógartún, þar sem nýjar lóðir verða auglýstar bráðlega. Áfram verður unnið með blágrænar ofanvatnslausnir og samhliða framkvæmdunum verða göngustígar og lýsing í nýja hverfinu fullgerð.



Að lokum er undirbúningsvinna við gerð hjóla- og göngustíga í fullum gangi og verður verkið hafið í haust.

Það er því sannarlega líf og fjör í framkvæmdum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Verkefnin eru fjölbreytt en eiga það sameiginlegt að bæta þjónustu, öryggi og umhverfi í sveitarfélaginu og byggja undir áframhaldandi vöxt og öflugt samfélag.

Ógleymanleg Grímsævintýri á 100 ára afmæli Tombólunnar

Það var sannkölluð hátíðarstemning á Borg laugardaginn 22. ágúst þegar Grímsævintýri voru haldin og einstökum tímamótum fagnað, 100 ára afmæli Tombólunnar á Borg. Tombólan var fyrst haldin af Kvenfélagi Grímsneshrepps árið 1926 og hefur allar götur síðan verið órjúfanlegur hluti af mannlífi og sumargleði í sveitinni.

Veðurguðirnir ákváðu reyndar að láta aðeins reyna á okkur þetta árið, en það hafði lítil áhrif. Þvert á móti var þátttakan með allra mesta móti og seldust allir 3050 miðarnir upp á met tíma. Heimafólk, brottfluttir sveitungar, frístundahúsagestir, nágrannar og aðrir góðir gestir fjölmenntu á Borg og sköpuðu einstaka stemningu.

Enn og aftur sýndi það sig hversu sterkan sess þessi einstaka hefð skipar í samfélaginu okkar, en allur ágóði tombólunnar rennur til góðra málefna.

Líf og fjör var á öllu svæðinu yfir daginn. Markaður og Blúndukaffi voru á sínum stað, börnin nutu ýmiss konar afþreyingar og gestir á öllum aldri tóku þátt í leikjum og skemmtun. Það er einmitt það sem gerir Grímsævintýrin svo sérstök, hér koma saman kynslóðir til að njóta og styðja við þetta frábæra framtak.



Hátíðarhöldunum lauk þó ekki þegar dagskránni lauk síðdegis. Í tilefni tímamótanna bauð Grímsnes- og Grafningshreppur til ókeypis tónleika í Félagsheimilinu Borg um kvöldið. Þar stigu á svið sveitungi okkar Magnús Kjartansson, ásamt Siggú Beinteins og Grétari Örvars, auk frábærrar hljómsveitar.

Skemmst er frá því að segja að félagsheimilið fylltist út úr dyrum. Stemningin var mögnuð frá fyrsta tóni og þegar leið á kvöldið sungu gestir með af slíkum krafti að húsið hreinlega nötraði þegar söngurinn stóð sem hæst. Það var erfitt að hugsa sér betri endi á þessum frábæra degi sem snerist fyrst og fremst um samfélag, samveru og gleði.

Sveitarfélagið færir Kvenfélagi Grímsneshrepps innilegar þakkir fyrir ómetanlegt starf og glæsileg Grímsævintýri. Einnig færum við öllum þeim fjölmörgu sjálfbóðaliðum, félagasamtökum, listamönnum og öðrum sem lögðu hönd á plóg bestu þakkir og síðast en ekki síst öllum þeim sem mættu og gerðu daginn ógleymanlegan.



Grímsævintýri Tónleikar





Fjallseðill Grímsnes- og Grafningshrepps 2026

Hjálagt er fjallseðill Grímsnes- og Grafningshrepps
fyrir árið 2026

[Fjallseðill 2026](#)



Grafningsréttir



BÓKASAFN/LIBRARY

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS

Opnunartímar í september **/opening hours in september:**

Mánud./Mondays

kl. 15:30-17:00

Miðvikud./Wednesdays

kl. 15:30-17:00

Kvöldopnun / evening hours:

Handverksskvöld 8. sept. kl. 19:30-21:30

Opið hús 60 + 22. sept. kl. 19:30-21:30

Öll velkomin.



Matseðill

september 2026

Dags.	Mánudagur.	Þriðjudagur.	Miðvikudagur.	Fimmtudagur.	Föstudagur.
1. - 4. sept.		1. september Fiskur í raspi, kartöflur, lauksmjör, kokteilsósa.	2. september Svínasnitsel, maís, kartöflubátar, rósmarinsósa.	3. september Soðinn fiskur, karröflur, rúgbrauð, smjör.	4. september Makkarónugrautur, brauð, álegg.
7. - 11. sept.	7. september Íslensk kjötsúpa.	8. september Plokkfiskur, soðin egg, rúgbrauð, smjör.	9. september Lasanja, hvítlauksbrauð Grænmetislasanja.	10. september Steiktur fiskur, hrísgrjón, sósa.	11. september Grjónagrautur, slátur, brauð, álegg.
14. - 18. sept.	14. september Hakk og spaghetti.	15. september Fiskibollur, hrísgrjón, karrýsósa.	16. september Slátur, rófur, kartöflur.	17. september Steiktur silungur, kartöflur, sósa.	18. september Blómkálssúpa, brauð, álegg.
21. - 25. sept.	21. september Soðið kjötfars, kartöflur, hvítkál, smjör.	22. september Ýsa í orly, hrísgrjón, sósa.	23. september Kjúklingapottréttur, hrísgrjón.	24. september Hvítlauksristaður steinbítur, hrísgrjón, hvítlaukssósa.	25. september Skr, brauð, álegg.
28. - 30. sept.	28. september Kjöthleifur, kartöflumús, brún sósa.	29. september Steiktur fiskur, bygggrjón, sósa.	30. september Pizza.		Matseðill gæti breyst einhverja daga vegna t.d. (aðföng, dagskrá skóla o.fl.)



KERHÓLSSKÓLI

gleði - jákvæðni - virðing

Skólastarfið fer vel af stað í Kerhólsskóla



Nýtt skólaár er hafið í Kerhólsskóla og hefur starfið farið vel af stað. Það var ánægjulegt að taka á móti nemendum á ný eftir sumarfrí og finna fyrir lífi og gleði á göngum skólans.

Nemendur hafa komið ánægðir til starfa og tekist á við fyrstu verkefni vetrarins af áhuga og jákvæðni. Fyrstu dagarnir hafa meðal annars farið í að kynnst, rifja upp venjur skólans og leggja grunn að góðu og farsælu skólaári. Við hlökkum til vetrarins og alls þess fjölbreytta náms og starfs sem fram undan er. Markmiðið er sem fyrr að skapa öruggt, jákvætt og hvetjandi skólaumhverfi þar sem öllum nemendum líður vel og þeir fá tækifæri til að vaxa og dafna.



HREYSTI

STYRKUR • ÞOL • HREYFIGETA

Markvissar æfingar • Góð stemning • Fyrir öll getustig

ÞRIÐJUDAGAR & FIMMTUDAGAR

Hópur 1 • 16:30–17:20 | Hópur 2 • 17:30–18:20

Hefst 1. september • Takmörkuð pláss í boði

VERÐ

1 mánuður • 19.900 kr. | 3 mánuðir • **54.900 kr.**

September–nóvember

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN BORG • GRÍMSNESI

SKRÁNING & UPPLÝSINGAR

sigrunontrack@gmail.com

ÞJÁLFAVARAR

Sigrún Arna Brynjarsdóttir

Íþróttta- og heilsufræðingur
CrossFit L2 • Functional Fitness • WL101

Veiga Dögg Magnúsdóttir

Einkaþjálfari hjá WC • Kennari M.Ed.

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

Opnunartími í
Grænu könnunni & Völu
alla daga 11:00 til 16:00

MÖTUNEYTIÐ ER OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA 11:30 TIL 13:00



Leirgerð



Kertagerð



Listasmíðja



Smíðastofa



Jurtastofa



Vefstofa

VEFVERSLUN





Öndun og slökun í Íþróttamiðstöðinni á Borg

Breathwork and Relaxation at the Borg Sports Centre

Sómatískar aðferðir til að minnka stress og streitu í daglegu lífi

Somatic methods to reduce stress in everyday life



TÍMI: Alla sunnudaga klukkan 20:00

TIME: every Sunday at 20:00



STAÐSETNING: Yogarými í íþróttasal, Borg.

LOCATION: Yoga room in the gym, Borg.



LEIÐBEINANDI: Aron Backman

FACILITATOR: Aron Backman

Frjáls framlög

Voluntary donations



12. sept.	<i>Hautfundur</i>
3. okt.	<i><u>Skiptimarkaður</u></i>
29. okt.	<i>Grímuball</i>
22. nóv.	<i>Jólabíngó</i>
26. nóv.	<i>Jólafundur</i>



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.



VDM
Veiga Dögg Magnúsdóttir

Tek að mér einkaþjálfun á Borg í Grímsnesi

Veigadogg@gmail.com

Einkaþjálfari frá World class •
M.T sem Kennari





GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

VILTU LEIGJA BORD HJÁ OKKUR?

Ef þú ert að vinna hjá byggðasamlögum Grímsnes- og Grafningshrepps stendur þér til boða að bóka þér vinnuaðstöðu. Hafa þarf samband við Lindu, linda@gogg.is til að geta bókað.



Wi-Fi



Fundarherbergi



24/7



Kaffiaðstaða





Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS
LINDA SVERRISDÓTTIR

ÁBYRGÐARMAÐUR
ÞORLEIF HOFFMANN
GUNNARSDÓTTIR

Efni í blaðið þarf að berast fyrir
28. hvers mánaðar á netföngin:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

<https://www.gogg.is/>

ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN BORG

Nú er hægt að kaupa mismunandi áskriftaleiðir í
Íþróttamiðstöðina okkar

[Sjá hér](#)

Hvetjum alla til að prófa þessa frábæru aðstöðu.
Tökum vel á móti öllum

Vetraropnun frá og með 17. ágúst



Mánudaga - Föstudaga

09:30 - 21.30



Laugardaga og sunnudaga


10:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun

ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN
BORG



Sími 480 - 5530




BESTA
AÐSTAÐAN



SUND
FYRIR ALLA



HREYFING
OG HEILSA



SLÖKUN
OG VELLÍÐAN

MÆTING ER BÆTING :)